

Félags – og skólaþjónusta
RANGÁRVALLA- OG VESTUR- SKAFTAFELLSSÝSLU
Suðurlandsvegur 1-3, 850 Hella og Austurvegur 4, 860 Hvolsvelli

FUNDARGERÐ

72. fundur stjórnar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu (FSRV) var haldinn þriðjudaginn 2. maí 2023, klukkan 10.00 á Helli.

Fundinn sátu: Einar Freyr Elínarson formaður, Einar Kristján Jónsson, Tómas Birgir Magnússon, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Helga Björg Helgadóttir og Svava Davíðsdóttir framkvæmdastjóri.

Dagskrá:

1. Ársreikningur 2022
Berglind Hákonardóttir endurskoðandi kynnti drög að ársreikningi byggðasamlagsins og dótturfélaga fyrir árið 2022.
Stjórn samþykkir fyrir sitt leyti ársreikningana og vísar þeim til staðfestingar aðalfundar.
2. Reglur og gjaldskrá vegna greiðslu til lögfræðinga í barnavernd
Margrét lögfræðingur byggðasamlagsins kynnti drög að reglum og gjaldskrá.
Stjórn þakkar fyrir kynninguna og leggur til að drögin verði tekin til afgreiðslu á næsta stjórnarfundum.
3. Önnur mál
 - Aðalfundur FSRV 2023
Stjórn samþykkir að boðað verði til aðalfundar byggðasamlagsins 22. maí nk. á Hvolsvelli.
 - Rætt um ársreikninga og fjárhagsáætlanagerð byggðasamlagsins.
Framkvæmdastjóra falið að ræða við endurskoðanda um það hvernig megi skipuleggja vinnu við áætlanagerð og endurskoðun tímanlega þannig það tefji ekki vinnu sveitarfélaganna við eigin áætlanagerð og endurskoðun.
 - Rætt um heiti byggðasamlagsins.
Framkvæmdastjóra falið að láta útbúa lógó og heiti fyrir byggðasamlagið sem yrði tekið til afgreiðslu á aðalfundi.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 11:18